

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2037/2000

2003/EES/57/27

frá 29. júní 2000

um efni sem eyða ósonlaginu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾, með hliðsjón af sameiginlega textanum sem sáttanefndin samþykkti 5. maí 2000,

og að teknu tilliti til efiðfarandi:

- 1) Sýnt hefur verið fram á að linnulaus losun ósoneyðandi efna í núverandi mæli veldur umtalsverðum skaða á ósonlaginu. Ósoneyðing á suðurhveli jarðar náði áður óþekktu hámarki 1998. Á þremur af síðustu fjórum árum hefur alvarleg ósoneyðing átt sér stað að vorlagi á Norðurskautssvæðinu. Vegna ósoneyðingar stafar heilbrigði manna og umhverfinu veruleg hættu á aukinni útfjólublárrí (UV-B) geislun. Grípa verður til frekari ráðstafana sem á skilvirkan hátt vernda heilbrigði manna og umhverfið gegn skaðlegum áhrifum slíkrar losunar.
- 2) Með skyldur sínar gagnvart umhverfinu og viðskiptum að leiðarljósi hefur bandalagið, í samræmi við ákvörðun 88/540/EBE ⁽⁴⁾, gerst aðili að Vínarsáttmálanum um vernd ósonlagsins og að Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins eins og henni var breytt af aðilunum að bókuninni á öðrum fundi þeirra í London og fjórða fundi þeirra í Kaupmannahöfn.
- 3) Frekari ráðstafanir til verndunar ósonlagsins voru samþykktar af aðilunum að Montreal-bókuninni á sjöunda fundi þeirra í Vín í desember 1995 og á níunda fundi þeirra í Montreal í september 1997 sem bandalagið tók þátt í.
- 4) Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða á vettvangi bandalagsins til að standa við skuldbindingar sem bandalagið hefur tekið á sig með Vínarsáttmálanum og nýjustu breytingum og aðlögunum Montreal-bókunarinnar, einkum að hætta í áföngum framleiðslu og markaðssetningu á metýlbrómíði innan bandalagsins og kveða á um leyfisveitingakerfi fyrir bæði inn- og útflutning á ósoneyðandi efnum.
- 5) Í ljósi þess að tækni, sem gerir kleift að skipta út ósoneyðandi efnum, er á boðstólum fyrir en ráðgert hafði verið er rétt í ákveðnum tilvikum að kveða á um strangari takmörkunarráðstafanir en þær sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 3093/94 frá 15. desember 1994 um efni sem eyða ósonlaginu ⁽⁵⁾ og strangari en þær sem kveðið er á um í Montreal-bókuninni.
- 6) Gera verður gagngerar breytingar á reglugerð (EB) nr. 3093/94. Í þágu lagalegs skýrleika og gagnsæis verður að endurskoða reglugerðina í heild sinni.
- 7) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 3093/94 hefur framleiðsla á klórflúrkolefni, öðru fullhalógenuðu klórflúrkolefni, halonum, koltetraklóríði, 1,1,1-triklórétani og vetnisbrómflúrkolefnum verið hætt í áföngum. Framleiðsla á þessum takmörkunarskyldu efnum er því bönnuð með fyrirvara um mögulega undanþágu vegna bráðanotkunar og til að fullnægja innlendum grunnþörfum aðila skv. 5. gr. Montreal-bókunarinnar. Nú er einnig rétt að banna stig af stigi markaðssetningu og notkun þessara efna og vörur og búnað sem inniheldur þessi efni.
- 8) Jafnvel eftir að takmörkunarskyld efni hafa verið tekin úr notkun er framkvæmdastjórninni heimilt, með ákveðnum skilyrðum, að veita undanþágur vegna bráðanotkunar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 28.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 286, 15.9.1998, bls. 6 og Stjtið. EB C 83, 25.3.1999, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 40, 15.2.1999, bls. 34.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. desember 1998 (Stjtið. EB C 98, 9.4.1999, bls. 266), staðfest 16. september 1999, sameiginleg afstaða ráðsins frá 23. febrúar 1999 (Stjtið. EB C 123, 4.5.1999, bls. 28) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. desember 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. júní 2000 og ákvörðun ráðsins frá 16. júní 2000.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 297, 31.10.1988, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 333, 22.12.1994, bls. 1.

- 9) Aukið framboð á öðrum kostum en metýlbrómíði ætti að endurspeglast í enn meiri samdrætti í framleiðslu og notkun þess en mælt er fyrir um í Montreal-bókuninni. Framleiðslu og notkun á metýlbrómíði ber að hætta algjörlega með fyrirvara um undanþágur vegna neyðarnotkunar sem ákvörðun er tekin um á vettvangi bandalagsins í samræmi við viðmiðanirnar sem settar voru með Montreal-bókuninni. Reglur skulu einnig settar um notkun á metýlbrómíði til svælingar á vörusendingum eða við meðhöndlun á farmi fyrir flutning. Slík notkun skal ekki vera meiri en núverandi mörk segja til um og draga skal úr henni með hliðsjón af tækniþróuninni og þróuninni innan ramma Montreal-bókunarinnar.
- 10) Í reglugerð (EB) nr. 3093/94 er kveðið á um eftirlit með framleiðslu á öllum öðrum ósoneyðandi efnum en ekki um eftirlit með framleiðslu á vetnisklórflúrkolefnum. Rétt er að taka upp slíkt ákvæði til að tryggja að ekki verði haldið áfram að nota vetnisklórflúrkolefni þegar aðrir kostir, sem ekki eru ósoneyðandi, standa til boða. Allir aðilar að Montreal-bókuninni ættu að gera ráðstafanir varðandi takmörkun á framleiðslu vetnisklórflúrkolefna. Stöðvun framleiðslu á vetnisklórflúrkolefnum myndi endurspegla nauðsyn þess og þann ásetning bandalagsins að vera í fararbroddi að því er þetta varðar. Umfang framleiðslunnar skal vera í samræmi við þann samdrátt, sem áætlaður er á markaðssetningu vetnisklórflúrkolefna innan bandalagsins, og minnkandi eftirspurn um heim allan sem hlýst af þeim samdrætti í notkun á vetnisklórflúrkolefnum sem krafist er samkvæmt bókuninni.
- 11) Í 7. mgr. 2. gr. F Montreal-bókunarinnar er mælt fyrir um að aðilarnir leitist við að tryggja að notkun vetnisklórflúrkolefna sé takmörkuð við notkun þar sem önnur umhverfisvænni efni eða tækni standa ekki til boða. Með tilliti til þess að aðrir kostir, að því er tækni varðar, eru fyrir hendi er hægt að takmarka enn frekar markaðssetningu og notkun vetnisklórflúrkolefna og vara sem innihalda vetnisklórflúrkolefni. Í ákvörðun VI/13, sem var samþykkt á fundi aðilanna að Montreal-bókuninni, er kveðið á um að við mat á öðrum kostum í stað vetnisklórflúrkolefna skuli taka tillit til þátta eins og ósoneyðingarmáttar, orkunýtni, eldfimi, eiturhrifa og hnattrænnar hlýnunar og hugsanlegra áhrifa á raunverulega notkun klórflúrkolefna og halona og því að henni verði hætt í áföngum. Eftirlit með vetnisklórflúrkolefnum, sem mælt er fyrir um í Montreal-bókuninni, ætti að herða verulega í því skyni að vernda ósonlagið og til að endurspegla að aðrir kostir séu fyrir hendi.
- 12) Kvótum til að setja takmörkunarskyld efni í frjálsa dreifingu innan bandalagsins skal einungis úthlutað til takmarkaðrar notkunar á takmörkunarskyldum efnum. Ekki skal flytja inn takmörkunarskyld efni og vörur, sem innihalda takmörkunarskyld efni, frá ríkjum sem eru ekki aðilar að Montreal-bókuninni.
- 13) Vikka skal út leyfisveitingakerfið fyrir takmörkunarskyld efni þannig að það nái einnig til leyfa til útflutnings í því skyni að fylgjast með viðskiptum á ósoneyðandi efnum og til að gera aðilum kleift að skiptast á upplýsingum.
- 14) Gera ætti ráðstafanir varðandi endurheimt notaðra takmörkunarskyldra efna og til þess að koma í veg fyrir að takmörkunarskyld efni losni.
- 15) Samkvæmt Montrealbókuninni ber að gefa skýrslu um viðskipti með ósoneyðandi efni. Þess er því krafist að framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur takmörkunarskyldra efna gefi árlega skýrslu.
- 16) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á þessari reglugerð í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28 júní 1999 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við beitingu framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 17) Í ákvörðun X/8, sem aðilar að Montreal-bókuninni samþykktu á 10. fundi sínum, eru aðilar hvattir til að beita sér, eftir því sem við á, fyrir því að dregið verði úr framleiðslu og markaðssetningu nýrra ósoneyðandi efna, einkum brómklórmetans. Í þessu skyni skal kveða á um fyrirkomulag þess efnis að fjallað verði um ný efni í þessari reglugerð. Banna skal framleiðslu, innflutning, markaðssetningu og notkun á brómklórmetani.
- 18) Uptaka nýrrar tækni eða notkun annarra vara, sem er nauðsynleg vegna þess að framleiðslu og notkun á takmörkunarskyldum efnum skal hætt í áföngum, getur skapað vanda, einkum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Aðildarríkin skulu því íhuga að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð eftir því sem við á til að gera nauðsynlegar breytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um framleiðslu, innflutning, útflutning, markaðssetningu, notkun, endurheimt, endurvinnslu og endurnýtingu og eyðingu klórflúrkolefna, annarra fullhalógenaðra klórflúrkolefna, halona, koltetraklóríðs, 1,1,1-triklórétans, metýlbrómíðs, vetnisbrómflúrkolefna og vetnisklórflúrkolefna og um skýrslugjöf varðandi þessi efni og um innflutning, útflutning, markaðssetningu og notkun vara og búnaðar sem inniheldur þessi efni.

Reglugerðin gildir einnig um framleiðslu, innflutning, markaðssetningu og notkun á efnum sem eru tilgreind í II. viðauka.

(¹) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „bókunin“: Montreal-bókunin frá 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins eins og henni var síðast breytt og hún síðust aðlöguð;
- „aðili“: aðili að bókuninni;
- „ríki sem ekki er aðili að bókuninni“: að því er varðar tiltekið takmörkunarskyldt efni, ríki eða svæðisstofnun um efnahagslegan samruna sem hefur ekki samþykkt að vera bundið af takmörkunum sem gilda um viðkomandi efni;
- „takmörkunarskyldt efni“: klórflúrkolefni, önnur fullhalógenuð klórflúrkolefni, halon, koltetrakloríð, 1,1,1-tríklórétan, metýlbrómíð, vetnisbrómflúrkolefni og vetnisklórflúrkolefni, hvort sem þau eru ein sér eða í efnablöndu og hvort sem þau eru ný, endurheimt, endurunin eða endurnýtt. Þessi skilgreining tekur hvorki til takmörkunarskyldra efna, sem eru í iðnaðarvörum, öðrum en ílátum, notuðum við flutning eða geymslu þessara efna, né til óverulegs magns takmörkunarskylds efnis, sem myndast óvænt eða tilfallandi meðan á framleiðsluferli stendur, myndast úr óhvörfuðu hráefni, verður til sem óhreininda-leifar í iðefnum, þegar efnið er notað sem hjálparefni, eða losnar meðan á vöruframleiðslu eða -meðhöndlun stendur;
- „klórflúrkolefni“: takmörkunarskyldt efni sem eru tilgreind í I. flokki í I. viðauka, þ.m.t. myndbrigði þeirra;
- „önnur fullhalógenuð klórflúrkolefni“: takmörkunarskyldt efni sem eru tilgreind í II. flokki í I. viðauka, þar með talin myndbrigði þeirra;
- „halon“: takmörkunarskyldt efni sem eru tilgreind í III. flokki í I. viðauka, þ.m.t. myndbrigði þeirra;
- „koltetrakloríð“: takmörkunarskyldt efni sem er tilgreint í IV. flokki í I. viðauka;
- „1,1,1-tríklórétan“: takmörkunarskyldt efni sem er tilgreint í V. flokki í I. viðauka;
- „metýlbrómíð“: takmörkunarskyldt efni sem er tilgreint í VI. flokki í I. viðauka;
- „vetnisbrómflúrkolefni“: takmörkunarskyldt efni sem eru tilgreind í VII. flokki í I. viðauka, þ.m.t. myndbrigði þeirra;
- „vetnisklórflúrkolefni“: takmörkunarskyldt efni sem eru tilgreind í VIII. flokki í I. viðauka, þ.m.t. myndbrigði þeirra;
- „ný efni“: efni sem eru tilgreind í II. viðauka. Skilgreiningin tekur til efna, hvort sem þau eru ein sér eða í efnablöndu og hvort sem þau eru ný, endurheimt, endurunin eða endurnýtt. Þessi skilgreining tekur hvorki til efnis, sem er í iðnaðarvörum, öðrum en ílátum, notuðum við flutning eða geymslu þessara efna, né til óverulegs magns efnis sem myndast óvænt eða tilfallandi

meðan á framleiðsluferli stendur eða myndast úr óhvörfuðu hráefni;

- „hráefni“: hvers kyns takmörkunarskyldt eða nýtt efni sem í efnafraeðilegu ummyndunarferli breytir upprunalegri samsetningu sinni algjörlega og sem veldur óverulegri losun;
- „hjálprefni“: takmörkunarskyldt efni sem eru notuð sem hjálparefni á þann hátt, sem tilgreindur er í VI. viðauka, í stöðvum sem voru starfandi 1. september 1997 þar sem losun er óveruleg. Framkvæmdastjórnin skal, í ljósi þessara viðmiðanna og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., setja saman skrá yfir fyrirtæki þar sem heimilt er að nota takmörkunarskyldt efni sem hjálparefni og mæla fyrir um hámarkslosun fyrir hvert fyrirtæki um sig. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 18. gr., getur framkvæmdastjórnin, í ljósi nýrra upplýsinga eða tækniþróunar, breytt VI. viðauka sem og skránni yfir framangreind fyrirtæki, þ.m.t. endurskoðuninni sem kveðið er á um í ákvörðun X/14 sem samþykkt var á fundi aðila að bókuninni;
- „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir takmörkunarskyldt efni innan bandalagsins;
- „framleiðsla“: magn takmörkunarskyldra efna sem er framleitt að frádregnu því magni, sem er eytt með tækni, sem aðilarnir samþykkja, og að frádregnu því magni sem er alfarið notað sem hráefni eða sem hjálparefni við framleiðslu annarra efna. Ekki skal líta á magn, sem er endurheimt, endurunnið eða endurnýtt, sem „framleiðsla“;
- „ósoneyðingarmáttur“: talan í þriðja dálki í I. viðauka sem sýnir möguleg áhrif hvers takmörkunarskylds efnis á ósonlagið;
- „reiknað magn“: magn sem er ákvarðað með því að margfalda magn hvers takmörkunarskylds efnis með ósoneyðingarmætti þess og með því að leggja saman niðurstöðutölurnar fyrir hvern flokk takmörkunarskyldra efna í I. viðauka;
- „iðnaðarhagræðing“: tilfærsla, annaðhvort milli aðila eða innan aðildarríkis, alls eða hluta reiknaðs magns framleiðanda til annars framleiðanda í því skyni að ná fram efnahagslegri skilvirkni eða til að bregðast við fyrirsjáanlegum birgðaskorti vegna verksmiðjulokana;
- „markaðssetning“: það að afgangi eða bjóða fram, gegn borgun eða án endurgjalds, til þriðja aðila takmörkunarskyldt efni eða vörur, sem innihalda takmörkunarskyldt efni, sem falla undir þessa reglugerð;
- „notkun“: nýting takmörkunarskyldra efna við framleiðslu eða viðhald, einkum endurnotkun á vörum eða búnaði eða við aðra vinnslu, að undanskilinni notkun sem hráefni eða hjálparefni;
- „tvívírt loftræsti-/varmadælukerfi“: samstæða sam tengdra hluta sem innihalda kælimiðil í einni lokaðri kæliás þar sem kælimiðillinn er í hringrás í þeim tilgangi að draga til sín og gefa frá sér varma (þ.e. kæling og hitun), ferli sem er tvívírt á þann hátt að uppgufarnir og þéttarnir eru hannaðir með það í huga að geta virkað á hvorn veg sem er;

- „virk vinnsla“: málsmeðferð sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 114. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um tollareglur bandalagsins ⁽¹⁾;
- „endurheimt“: söfnun og geymsla takmörkunarskyldra efna úr t.d. tækjum, búnaði og lokuðum geymum í tengslum við þjónustu eða fyrir förgun;
- „endurvinnsla“: endurnotkun endurheimts takmörkunarskylds efnis í kjölfar grunnhrensunar, t.d. síunar og þurrkunar. Þegar um kælimiðla er að ræða felur endurvinnslan venjulega í sér að umrætt efni er sett í búnaðinn aftur og er það oft gert á staðnum;
- „endurnýting“: endurmeðhöndlun og endurbætur á endurheimtu, takmörkunarskyldu efni með vinnslu eins og síun, þurrkun, eimingu og efnameðhöndlun í því skyni að endurbyggja efnið með hliðsjón af tilteknum staðli sem oft felur í sér vinnslu annars staðar í aðstöðu sem er miðsvæðis;
- „fyrirtæki“: einstaklingur eða lögaðili, sem framleiðir og endurvinnur með markaðssetningu í huga eða notar takmörkunarskyld efni í iðnaðar- eða viðskiptaskyni í bandalaginu, eða sá sem kemur innfluttum efnum af þessu tagi í frjálsa dreifingu innan bandalagsins eða flytur slík efni út úr bandalaginu í iðnaðar- eða viðskiptaskyni.

II. KAFLI

ÁFANGAÁÆTLUN

3. gr.

Eftirlit með framleiðslu takmörkunarskyldra efna

1. Með fyrirvara um ákvæði 5. til 10. mgr. skal banna framleiðslu eftirfarandi efna:

- a) klórflúrkolefna,
- b) annarra fullhalógenaðra klórflúrkolefna,
- c) halona,
- d) koltetrakloríðs,
- e) 1,1,1-triklóretans,
- f) vetnisbrómflúrkolefna.

Í ljósi þeirra tillagna, sem aðildarríkin lögðu fram, skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., beita viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun IV/25 sem aðilarnir samþykktu til að ákveða fyrir hvert ár í senn hvaða bráðanotkun á takmörkunarskyldum efnum, sem um getur í fyrstu undirgrein, megi heimila til framleiðslu og innflutnings í bandalaginu og hvaða notendur geti nýtt sér þessa bráðanotkun. Einungis skal leyfa slíka framleiðslu og innflutning ef hvorki eru í

boði aðrir kostir né unnt að útvega endurunnin eða endurnýtt, takmörkunarskyld efni, sem um getur í fyrstu undirgrein, hjá einhverjum aðilanna.

- 2. i) Með fyrirvara um ákvæði 5. til 10. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:
 - a) reiknað magn metýlbrómíðframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1999 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 75% af reiknuðu framleiðslumagni hans á metýlbrómíði árið 1991,
 - b) reiknað magn metýlbrómíðframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2001 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 40% af reiknuðu framleiðslumagni hans á metýlbrómíði árið 1991,
 - c) reiknað magn metýlbrómíðframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2003 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 25% af reiknuðu framleiðslumagni hans á metýlbrómíði árið 1991,
 - d) metýlbrómíð verði ekki framleitt eftir 31. desember 2004.

Magn þess metýlbrómíðs, sem er framleitt til svælingar á vörusendingum eða meðhöndlunar á farmi fyrir flutning, skal ekki teljast til reiknaða magnsins sem um getur í a-, b-, c- og d-liðum.

- ii) Í ljósi þeirra tillagna, sem aðildarríkin lögðu fram, skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., beita viðmiðunum, sem settar eru fram í ákvörðun IX/6, sem aðilarnir samþykktu, ásamt öðrum viðeigandi viðmiðunum, sem aðilarnir hafa samþykkt, til að ákveða fyrir hvert ár í senn fyrir hvaða neyðarnotkun á metýlbrómíði megi heimila framleiðslu, innflutning og notkun í bandalaginu eftir 31. desember 2004, það magn og þá notkun, sem er heimiluð, og hvaða notendur geti nýtt sér þessa undanþágu til neyðarnotkunar. Einungis skal leyfa slíka framleiðslu og innflutning ef hvorki eru í boði aðrir kostir né unnt að útvega endurunnin eða endurnýtt metýlbrómíð hjá einhverjum aðilanna.

Ef nauðsyn krefur vegna neyðarástands, sem skapast vegna óvæntra farsóttu eða sjúkdóma, er framkvæmdastjórninni heimilt að leyfa tímabundna notkun metýlbrómíðs að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis. Slíkt leyfi skal ekki gilda lengur en í 120 daga og magnið, sem leyft er, skal ekki vera meira en 20 tonn.

3. Með fyrirvara um ákvæði 8., 9. og 10. mgr. ber hverjum framleiðanda að tryggja að:

- a) reiknað magn vetnisklórflúrkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2000 til 31. desember 2000 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, sé ekki meira en reiknað framleiðslumagn hans á vetnisklórflúrkolefni árið 1997;

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 955/1999 (Stjtið. EB L 119, 7. 5.1999, bls. 1).

- b) reiknað magn vetnisklórflúrkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2008 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 35% af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúrkolefni árið 1997;
- c) reiknað magn vetnisklórflúrkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 20% af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúrkolefni árið 1997;
- d) reiknað magn vetnisklórflúrkolefnisframleiðslu hans, á tímabilinu 1. janúar 2020 til 31. desember 2020 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 15% af reiknuðu framleiðslumagni hans á vetnisklórflúrkolefni árið 1997;
- e) vetnisklórflúrkolefni verði ekki framleitt eftir 31. desember 2025.

Fyrir 31. desember 2002 skal framkvæmdastjórnin endurskoða magn vetnisklórflúrkolefnaframleiðslu í því skyni að ákvarða hvort:

- leggja skuli til að dregið verði úr framleiðslu fyrir árið 2008, og/eða
- leggja skuli til breytingar á framleiðslumagninu sem kveðið er á um í b-, c- og d-liðum.

Endurskoðunin mun taka tillit til þróunar á notkun vetnisklórflúrkolefna um heim allan, útflutnings á vetnisklórflúrkolefnum frá bandalaginu og öðrum OECD-löndum og framboðs á öðrum kostum, að því er varðar önnur efni eða tækni í fjárhagslegu og tæknilegu tilliti, sem og alþjóðlegar þróunar innan ramma bókunarinnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal veita þeim notendum, sem fjallað er um í annarri undirgrein 1. mgr. og ii-lið 2. mgr., leyfi og tilkynna þeim fyrir hvers konar notkun leyfið gildir, hvaða efni þeir hafa leyfi til að nota og í hve miklu magni.

5. Framleiðandi getur fengið leyfi hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram, til að framleiða takmörkunarskyldu efnin, sem um getur í 1. og 2. mgr., í því skyni að framleiða það magn sem leyft hefur verið í samræmi við 4. mgr. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

6. Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram, getur leyft framleiðanda að framleiða meira en reiknaða framleiðslumagnið sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. til að fullnægja innlendum grunnþörfum aðila skv. 5. gr. bókunarinnar, að því tilskildu að reiknað viðbótarframleiðslumagn viðkomandi aðildarríkis sé ekki meira en það sem leyfilegt er í því skyni skv. 2. gr. A til 2. gr. E og 2. gr. H í bókuninni fyrir viðkomandi tímabil. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

7. Að beiðni aðilanna getur lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram, leyft framleiðandanum að framleiða umfram reiknaða magnið, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr., vegna bráða-,

eða neyðarmotkunar aðilanna svo fremi sem það er leyft samkvæmt bókuninni. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

8. Svo fremi sem það er leyft samkvæmt bókuninni getur lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram, leyft framleiðanda að framleiða umfram reiknaða magnið, sem mælt er fyrir um í 1. til 7. mgr., vegna iðnaðarhagræðingar innan viðkomandi aðildarríkis, að því tilskildu að reiknað framleiðslumagn viðkomandi aðildarríkis sé ekki meira en reiknað framleiðslumagn innlendra framleiðanda eins og mælt er fyrir um í 1. til 7. mgr. fyrir viðkomandi tímabil. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram hafi það í hyggju að veita slíkt leyfi.

9. Svo fremi sem það er leyft samkvæmt bókuninni getur framkvæmdastjórnin, í samkomulagi við lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram, leyft framleiðanda að framleiða umfram reiknaða magnið, sem mælt er fyrir um í 1. til 8. mgr., vegna iðnaðarhagræðingar milli aðildarríkja, að því tilskildu að reiknað framleiðslumagn viðkomandi aðildarríkja sé samanlagt ekki meira en reiknað framleiðslumagn innlendra framleiðanda eins og mælt er fyrir um í 1. til 8. mgr. fyrir viðkomandi tímabil. Einnig er krafist samþykkis lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem ætlunin er að draga úr framleiðslu.

10. Svo fremi sem það er leyft samkvæmt bókuninni getur framkvæmdastjórnin, í samkomulagi við bæði lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem viðkomandi framleiðsla fer fram, og ríkisstjórn þriðja aðila, sem í hlut á, leyft framleiðanda að leggja saman reiknað framleiðslumagn, sem mælt er fyrir um í 1. til 9. mgr., og reiknað magn sem framleiðandi þriðja aðila hefur leyfi til að framleiða samkvæmt bókuninni og landslögum viðkomandi framleiðanda vegna iðnaðarhagræðingar við þriðja aðila, að því tilskildu að samanlagt reiknað framleiðslumagn framleiðandanna tveggja sé ekki meira en samanlagt reiknað framleiðslumagn, sem framleiðandinn innan bandalagsins hefur leyfi til skv. 1. til 9. mgr., og reiknað framleiðslumagn sem framleiðandi þriðja aðila hefur leyfi til samkvæmt bókuninni og hvers konar landslögum sem við eiga.

4. gr.

Eftirlit með markaðssetningu og notkun á takmörkunarskyldum efnum

1. Með fyrirvara um ákvæði 4. til 5. mgr. skal banna markaðssetningu og notkun eftirfarandi takmörkunarskyldra efna:

- a) klórflúrkolefna,
- b) annarra fullhalógenaðra klórflúrkolefna,
- c) halona,
- d) koltetraklóríðs,
- e) 1,1,1-tríklóretans, og
- f) vetnisbrómflúrkolefna.

Frankvæmdastjórnin getur, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., heimilað tímabundna undanþágu til notkunar á vetnisklórflúrkolefnum til 31. desember 2004 í skömmtunarbúnað fyrir loftþétt tæki, sem eru ætluð til ígræðslu í mannlíkamann til að láta frá sér mælda lyfjaskammta, og til 31. desember 2008 í búnað, sem nú þegar er í notkun á vegum hersins, þar sem sýnt hefur verið fram á að til ákveðinnar notkunar standa aðrir tæknilega eða fjárhagslega fýsilegir kostir ekki til boða eða eru ónothæfir.

2. i) Með fyrirvara um ákvæði 4. og 5. mgr. ber hverjum framleiðanda og innflytjanda að tryggja að:

a) reiknað magn metýlbrómíðs, sem hann markaðssettur eða notar til eigin þarfa á tímabilinu 1. janúar 1999 til 31. desember 1999 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 75% af reiknuðu magni metýlbrómíðs sem hann markaðssetti eða notaði til eigin þarfa árið 1991;

b) reiknað magn metýlbrómíðs, sem hann markaðssettur eða notar til eigin þarfa á tímabilinu 1. janúar 2001 til 31. desember 2001 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 40% af reiknuðu magni metýlbrómíðs sem hann markaðssetti eða notaði til eigin þarfa árið 1991;

c) reiknað magn metýlbrómíðs, sem hann markaðssettur eða notar til eigin þarfa á tímabilinu 1. janúar 2003 til 31. desember 2003 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, fari ekki yfir 25% af reiknuðu magni metýlbrómíðs sem hann markaðssetti eða notaði til eigin þarfa árið 1991;

d) hann hvorki markaðssetji né noti til eigin þarfa metýlbrómíð eftir 31. desember 2004.

Svo fremi sem það er leyft samkvæmt bókuninni skal framkvæmdastjórnin, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., aðlaga reiknað magn metýlbrómíðs, sem mælt er fyrir um í c-lið i-liðar í 2. mgr. 3. gr og undirgrein c, þar sem sýnt hefur verið fram á að það sé nauðsynlegt til að fullnægja þörfum viðkomandi aðildarríkis vegna þess að aðrir fjárhagslega og tæknilega fýsilegir kostir, sem eru viðunandi út frá umhverfis- og heilbrigðis-sjónarmiðum, standa ekki til boða eða eru ónothæfir.

Í samráði við aðildarríkin skal framkvæmdastjórnin ýta undir að aðrir kostir en metýlbrómíð verði þróaðir og rannsakaðir svo fljótt sem verða má.

ii) Með fyrirvara um ákvæði 4. mgr. er fyrirtækjum, öðrum en framleiðendum og innflytjendum, óheimilt að nota metýlbrómíð eftir 31. desember 2005.

iii) Magn þess metýlbrómíðs, sem er framleitt eða flutt inn til svælingar á vörusendingum eða meðhöndlunar á farmi fyrir flutning, skal ekki teljast til reiknaða magnsins sem um getur í a-, b-, c- og d-liðum i-liðar og ii-lið. Fyrir tímabilið 1. janúar 2001 til 31. desember 2001 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir skal hver framleiðandi og innflytjandi tryggja að reiknað magn metýlbrómíðs, sem hann markaðssettur eða notar til eigin þarfa til svælingar á vörusendingum eða meðhöndlunar á farmi fyrir flutning, sé ekki meira en meðaltal þess reiknaða magns metýlbrómíðs sem hann markaðssetti eða notaði til eigin þarfa til svælingar á vörusendingum eða meðhöndlunar á farmi fyrir flutning á árunum 1996, 1997 og 1998.

Á hverju ári skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni upplýsingar um magn þess metýlbrómíðs, sem var leyft að nota til svælingar á vörusendingum eða meðhöndlunar á farmi fyrir flutning á yfirráðasvæði þeirra, til hvers metýlbrómíð var notað, og þeirri framþróun sem orðið hefur á að meta og nota aðra kosti.

Frankvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., gera ráðstafanir til þess að draga úr reiknuðu magni metýlbrómíðs, sem framleiðendur og innflytjendur mega markaðssetja eða nota til eigin þarfa til svælingar á vörusendingum eða meðhöndlunar á farmi með hliðsjón af tæknilegri og fjárhagslegri hagkvæmni annarra kosta, að því er varðar efni og tækni, og í ljósi alþjóðlegrar þróunar innan ramma bókunarinnar.

iv) Heildartakmarkanir á magni metýlbrómíðs, sem framleiðendur og innflytjendur markaðssetja og nota til eigin þarfa, eru settar fram í III. viðauka.

3. i) Með fyrirvara um ákvæði 4. og 5. mgr. og 5. mgr. 5. gr:

a) reiknað magn vetnisklórflúrkolefna, sem framleiðendur og innflytjendur markaðssetja eða nota til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 1999 til 31. desember 1999 og á hverju 12 mánaða tímabili þar á eftir, skal samanlagt ekki vera meira en:

— 2,6% af reiknuðu magni klórflúrkolefna sem framleiðendur og innflytjendur markaðssettu eða notuðu til eigin þarfa árið 1989, og

— reiknað magn vetnisklórflúrkolefna sem framleiðendur og innflytjendur markaðssettu eða notuðu til eigin þarfa árið 1989;

b) reiknað magn vetnisklórflúrkolefna, sem framleiðendur og innflytjendur markaðssetja eða nota til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2001, skal samanlagt ekki vera meira en:

— 2,0% af reiknuðu magni klórflúrkolefna sem framleiðendur og innflytjendur markaðssettu eða notuðu til eigin þarfa árið 1989, og

- reiknað magn vetnisklórflúrkolefna sem framleiðendur og innflytjendur markaðssettu eða notuðu til eigin þarfa árið 1989;
- c) reiknað magn vetnisklórflúrkolefna, sem framleiðendur og innflytjendur markaðssetja eða nota til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2002, skal ekki vera meira en 85% af magninu sem er reiknað skv. b-lið;
- d) reiknað magn vetnisklórflúrkolefna, sem framleiðendur og innflytjendur markaðssetja eða nota til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2003, skal ekki vera meira en 45% af magninu sem er reiknað skv. b-lið;
- e) reiknað magn vetnisklórflúrkolefna, sem framleiðendur og innflytjendur markaðssetja eða nota til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2004, og á hverju 12 mánaða tímabili eftir það, skal ekki vera meira en 30% af magninu sem er reiknað skv. b-lið;
- f) reiknað magn vetnisklórflúrkolefna, sem framleiðendur og innflytjendur markaðssetja eða nota til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2008, og á hverju 12 mánaða tímabili eftir það, skal ekki vera meira en 25% af magninu sem er reiknað skv. b-lið;
- g) eftir 31. desember 2009 skulu framleiðendur og innflytjendur hvorki markaðssetja né nota vetnisklórflúrkolefni til eigin þarfa;
- h) hver framleiðandi og innflytjandi skal tryggja að reiknað magn vetnisklórflúrkolefna, sem hann markaðssetur eða notar til eigin þarfa á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2001, og á 12 mánaða tímabili eftir það, verði ekki meira, sem hundraðshlutfall af reiknaða magninu sem mælt er fyrir um í a- til c-lið, en hundraðshlutfall markaðshlutdeildar hans árið 1996.
- ii) Fyrir 1. janúar 2001 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., ákveða fyrirkomulag til úthlutunar á kvóta til hvers framleiðanda og innflytjanda á reiknaða magninu, sem mælt er fyrir um í d- til f-lið, sem gildir fyrir tímabilið frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2003 og fyrir hvert 12 mánaða tímabil eftir það.
- iii) Að því er framleiðendur varðar skal magnið, sem um getur í þessari málsgrein, eiga við um magn nýrra vetnisklórflúrkolefna sem þeir markaðssetja eða nota til eigin þarfa innan bandalagsins og sem var framleitt innan bandalagsins.
- iv) Heildartakmarkanir á magni vetnisklórflúrkolefna, sem framleiðendur og innflytjendur markaðssetja og nota til eigin þarfa, eru settar fram í III. viðauka.
- 4. i) a) Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. eiga ekki við um markaðssetningu á takmörkunarskyldum efnum til eyðingar innan bandalagsins með tækni sem aðilarnir samþykkja;
- b) 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um markaðssetningu og notkun takmörkunarskyldra efna ef:
 - þau eru notuð sem hráefni eða sem hjálparefni, eða
 - þau eru notuð til að uppfylla beiðnir vegna bráðanotkunar, sem samþykktar hafa verið, frá þeim notendum sem eru tilgreindir í 1. mgr. 3. gr. og til þess að uppfylla beiðnir vegna neyðarnotkunar, sem samþykktar hafa verið, frá þeim notendum sem eru tilgreindir í 2. mgr. 3. gr. eða til þess að uppfylla beiðnir vegna bráðabirgðanotkunar í neyðartilfellum sem eru samþykktar í samræmi við ii-lið 2. mgr. 3. gr.
- ii) 1. mgr. gildir ekki um markaðssetningu fyrirtækja, annarra en framleiðanda, á takmörkunarskyldum efnum vegna viðhalds eða þjónustu á kæli- og loftræstibúnaði til 31. desember 1999.
- iii) 1. mgr. gildir hvorki um notkun á takmörkunarskyldum efnum vegna viðhalds eða þjónustu á kæli- og loftræstibúnaði né vinnu við greiningu fingrafara til 31. desember 2000.
- iv) Að því er varðar c-lið 1. mgr. gildir hann ekki um markaðssetningu á endurheimtu, endurunnu eða endurnýttu haloni í brunavarnarkerfum, sem eru í notkun 31. desember 2002, eða um markaðssetningu og notkun á haloni til neyðarnotkunar eins og sett er fram í VII. viðauka. Á hverju ári skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna tilkynna framkvæmdastjórninni um magn þess halons, sem notað er til neyðarnotkunar, ráðstafanirnar, sem eru gerðar til að draga úr losun, og mat á slíkri losun, svo og um yfirstandandi starf sem miðar að því að finna og nýta aðra heppilega kosti. Á hverju ári skal framkvæmdastjórnin endurskoða þá neyðarnotkun sem tilgreind er í VII. viðauka, og ef nauðsyn ber til, samþykkja breytingar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr.
- v) Að undanskilinni þeirri notkun, sem tilgreind er í VII. viðauka, skal taka brunavarnarkerfi og slökkvitæki, sem innihalda halon, úr notkun fyrir 31. desember 2003 og endurheimta skal halonið í samræmi við 16. gr.
- 5. Allir framleiðendur eða innflytjendur, sem hafa heimild til að markaðssetja takmörkunarskyld efni, sem um getur í þessari grein, eða nota þau til eigin þarfa, mega framselja þann rétt, að því er varðar allt magnið eða hluta þess af þeim flokki efna sem fastsettur er í samræmi við þessa grein, til hvaða framleiðanda eða innflytjanda þess flokks efna innan bandalagsins sem er. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni fyrir fram um slíkt framsal. Framsal á réttinum til markaðssetningar eða notkunar skal ekki fela í sér frekari rétt til framleiðslu eða innflutnings.

6. Banna skal innflutning og markaðssetningu á vörum og búnaði, sem inniheldur klórflúrkolefni, önnur fullhalógenúð klórflúrkolefni, halon, koltetraklóríð, 1,1,1-triklóretan og vetnisbrómflúrkolefni, að undanskildum vörum og búnaði þar sem notkun á viðkomandi takmörkunarskyldu efni hefur verið leyfð, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 3. gr. eða hún er tilgreind í VII. viðauka. Bannið gildir ekki um vörur og búnað sem sannanlega hafa verið framleidd áður en þessi reglugerð tekur gildi.

5. gr.

Eftirlit með notkun á vetnisklórflúrkolefnum

1. Með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði skal banna að vetnisklórflúrkolefni séu notuð:

- a) í úðaefni;
- b) sem leysar:
 - i) til nota í opnu rými, þ.m.t. í opnum hreinsibúnaði og opnum kerfum án kæliflata til að soga upp vatnsleifar, í limefni og mótaleysi, þegar þau eru ekki notuð í lokuðum búnaði, til hreinsunar á afrennsli þegar vetnisklórflúrkolefni eru ekki endurheimt;
 - ii) frá 1. janúar 2002 við alla leysinotkun að undanskilinni nákvæmishreinsun á rafhlutum eða öðrum íhlutum, sem notaðir eru í flug- og geimtækni, þar sem bannið tekur gildi 31. desember 2008;
- c) sem kælimiðill:
 - i) í búnaði sem er framleiddur eftir 31. desember 1995 til eftirfarandi nota:
 - í kerfi með beinni uppgufun í opnu rými,
 - í kælikápum og frystum til heimilisnota,
 - í loftræstikerfum vélknúinna ökutækja, dráttarvéla og torfærutækja eða eftirvagna, sem ganga fyrir hvaða orkugjafa sem er, að undanskilinni notkun á vegum hersins þar sem bannið tekur gildi 31. desember 2008,
 - í loftræstibúnað almenningsfarartækja á vegum;
 - ii) í loftræstingu við járnbrautarflutninga, í búnaði sem er framleiddur eftir 31. desember 1997;
 - iii) frá 1. janúar 2000, í búnaði sem er framleiddur eftir 31. desember 1999 til eftirfarandi nota:
 - í opinberum kæli- og dreifingarstöðvum og vörugeymslum,
 - í búnað með 150 kW aflúrtak eða meira;
 - iv) frá 1. janúar 2001 í öllum öðrum kæli- og loftræstibúnaði, sem framleiddur er eftir 31. desember 2000, að undanskildum föstum loftræstibúnaði með kæligetu sem er undir 100 kílóvöttum, þar sem notkun vetnisklórflúrkolefna skal vera bönnuð frá 1. júlí 2002 í búnaði sem er framleiddur eftir 30. júní 2002,

og í tvívirkum loftræsti-/varmadælukerfum þar sem notkun vetnisklórflúrkolefna skal vera bönnuð frá 1. janúar 2004 í öllum búnaði sem er framleiddur eftir 31. desember 2003;

- v) frá 1. janúar 2010 skal notkun á nýju vetnisklórflúrkolefni vera bönnuð til viðhalds og þjónustu á kæli- og loftræstibúnaði sem er þá í notkun. Öll vetnisklórflúrkolefni skulu vera bönnuð frá 1. janúar 2015.

Fyrir 31. desember 2008 skal framkvæmdastjórnin endurskoða, með hliðsjón af tæknilegum og fjárhagslegum þáttum, framboð á öðrum kostum en endurunnunum vetnisklórflúrkolefnum.

Endurskoðunin skal taka tillit til framboðs á tæknilega og fjárhagslega hagstæðum kostum í stað vetnisklórflúrkolefna í kælibúnaði, sem er í notkun, með það að markmiði að koma í veg fyrir að búnaður sé tekinn úr notkun að ástæðulausu.

Þeir kostir, sem teknir eru til skoðunar, skulu hafa verulega minni skaðleg áhrif á umhverfið en vetnisklórflúrkolefni.

Framkvæmdastjórnin skal leggja niðurstöðu endurskoðunarinnar fyrir Evrópuþingið og ráðið. Hún skal, eins og við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., taka ákvörðun um hvort dagsetningin 1. janúar 2015 skuli samþykkt;

- d) til framleiðslu á frauði:
 - i) til framleiðslu á öllu frauði nema frauði, sem þéttist eftir því sem nær dregur yfirborðinu þannig að yst verður húð (integral skin foams), til notkunar í öryggisbúnaði og harðfrouðseinangrun;
 - ii) frá 1. október 2000 til framleiðslu á frauði, sem þéttist eftir því sem nær dregur yfirborðinu þannig að yst verður húð (integral skin foams), til notkunar í öryggisbúnaði og pólýetýlenharðfrouðseinangrun;
 - iii) frá 1. janúar 2002 til framleiðslu á útsprautumótaðri (extruded) harðfrouðseinangrun úr pólýstýreni, nema til notkunar sem einangrun við flutninga;
 - iv) frá 1. janúar 2003 til framleiðslu á pólýúretanfrauði fyrir búnað úr sérstöku lagskiptu (face-laminated), sveigjanlegu pólýúretanfrauði og úr pólýúretan-samlökueiningum (sandwich panels), nema þar sem þessi tvö síðastnefndu eru notuð til einangrunar við flutninga;
 - v) frá 1. janúar 2004 til framleiðslu á öllu frauði, þ.m.t. pólýúretanúðafrauð og pólýúretanblokkfrauð (spray and block foams);
 - e) sem burðargas fyrir dauðhreinsuð efni í lokuðum kerfum, í búnaði sem er framleiddur eftir 31. desember 1997;
 - f) til allra annarra nota.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal notkun á vetnisklórflúrkolefni leyfð:
- a) á rannsóknarstofum, þ.m.t. rannsóknir og þróunarstarf,
 - b) sem hráefni,
 - c) sem hjálparefni.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. má nota vetnisklórflúrkolefni sem slökkviefni í stað halona í brunavarnarkerfum, sem eru í notkun, í þeim tilvikum sem eru tilgreind í VII. viðauka samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

- þeim halonum, sem finnast í slíkum brunavarnarkerfum, verður skipt út að fullu,
- þeim halonum, sem fjarlægð eru úr kerfunum, skal fargað,
- birgir vetnisklórflúrkolefnanna skal greiða 70% af kostnaði við eyðinguna,
- á hverju ári skulu aðildarríkin, sem beita þessu ákvæði, tilkynna framkvæmdastjórninni um fjölda stöðva og magn þeirra halona sem um er að ræða.

4. Banna skal innflutning og markaðssetningu á vörum og búnaði, sem innihalda vetnisklórflúrkolefni og eru háð notkunartakmörkunum samkvæmt þessari grein, frá þeim degi sem þessar notkunartakmarkanir taka gildi. Bannið gildir ekki um vörur og búnað sem sannanlega hafa verið framleidd áður en notkunartakmarkanirnar öðlast gildi.

5. Til 31. desember 2009 skulu notkunartakmarkanirnar samkvæmt þessari grein ekki gilda um notkun á vetnisklórflúrkolefnum til framleiðslu á vörum, ætluðum til útflutnings til landa þar sem notkun vetnisklórflúrkolefna í þessum vörum er enn leyfð.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., í ljósi fenginnar reynslu við framkvæmd þessarar reglugerðar eða með tilliti til tækniframfara, að breyta skránni og dagsetningunum, sem eru settar fram í 1. mgr., en ekki í neinu tilviki framlengja frestina sem eru settir fram þar, sbr. þó undanþágurnar sem kveðið er á um í 7. mgr.

7. Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni lögbærs yfirvalds aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., heimilað tímabundna undanþágu sem varðar notkun og markaðssetningu vetnisklórflúrkolefna sem undanþágu frá 1. mgr. og 3. mgr. 4. gr. þar sem sýnt hefur verið fram á að til ákveðinnar notkunar standa aðrir tæknilega eða fjárhagslega hagkvæmir kostir ekki til boða eða þeir eru ónothæfir. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað tilkynna aðildarríkjunum um þær undanþágur sem veittar hafa verið.

III. KAFLI

VIÐSKIPTI

6. gr.

Leyfi til að flytja inn frá þriðju löndum

1. Framvísa verður innflutningsleyfi vegna takmörkunarskyldra efna sem eru sett í frjálsa dreifingu í bandalaginu eða í virka vinnslu. Slík leyfi skal framkvæmdastjórnin gefa út þegar hún hefur sannprófað hvort ákvæði 6., 7., 8. og 13. gr. séu virt. Framkvæmdastjórninni ber að senda afrit af hverju

leyfi til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins sem fyrirhugað er að flytja viðkomandi efni inn til. Hvert aðildarríki um sig skal útnefna lögbært yfirvald í þessu skyni. Takmörkunarskyld efni, sem eru tilgreind í I., II., III., IV. og V. flokki eins og tiltekið er í I. viðauka, skal ekki flytja inn til virkrar vinnslu.

2. Að því er varðar aðferð um virka vinnslu skal einungis veita leyfið ef nota á takmörkunarskyldu efnin innan tollsvæðis bandalagsins samkvæmt niðurfellingarkerfinu, sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 114. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92, og með því skilyrði að fullunnu vörurnar séu fluttar út aftur til ríkis þar sem framleiðsla, notkun eða innflutningur þessa takmörkunarskylda efnis er ekki bannaður. Leyfið skal einungis veita með samþykki lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem virka vinnslan á að fara fram.

3. Í beiðni um leyfi skal eftirfarandi tilgreint:

- a) nafn og heimilisfang innflytjandans og útflytjandans;
- b) útflutningslandið;
- c) endanlegt ákvörðunarland ef nota á takmörkunarskyld efni innan tollsvæðis bandalagsins samkvæmt málsmeðferðinni um virka vinnslu eins og um getur í 2. mgr.;
- d) lýsing á hverju takmörkunarskyldu efni þar sem fram komi:
 - verslunarheiti,
 - lýsing og SAT-númer eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka,
 - eðli efnisins (nýtt, endurheimt eða endurnýtt),
 - magn efnisins í kílógrömmum;
- e) tilgangur fyrirhugaðs innflutnings;
- f) ef vitað er, staður og dagsetning fyrirhugaðs innflutnings, og, ef við á, einnig hvers kyns breytingar á þeim upplýsingum.

4. Framkvæmdastjórnin getur krafist vottorðs sem staðfestir eðli efnanna sem flytja á inn.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., að breyta skránni yfir þau atriði sem um getur í 3. mgr. og IV. viðauka.

7. gr.

Innflutningur takmörkunarskyldra efna frá þriðju löndum

Frjáls dreifing innan bandalagsins á takmörkunarskyldum efnum, sem eru flutt inn frá þriðju löndum, skal vera háð magntakmörkunum. Ákvarða skal þessar takmarkanir og úthluta kvótum til fyrirtækja fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 1999 og fyrir hvert 12 mánaða tímabil þar á eftir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr. Þeim skal einungis úthlutað:

- a) fyrir takmörkunarskyld efni í VI. og VIII. flokki eins og um getur í I. viðauka;

- b) fyrir takmörkunarskyld efni ef þau eru notuð til bráða- eða neyðarnotkunar eða til svælingar á vörusendingum eða meðhöndlunar á farni fyrir flutning;
- c) fyrir takmörkunarskyld efni ef þau eru notuð sem hráefni eða sem hjálparefni; eða
- d) til fyrirtækja sem hafa aðstöðu til að eyða endurheimtum, takmörkunarskyldum efnum ef takmörkunarskyldu efnunum er eytt með tækni sem aðilarnir samþykkja.

8. gr.

Innflutningur takmörkunarskyldra efna frá ríki sem er ekki aðili að bókuninni

Banna skal að setja í frjálssa dreifingu í bandalaginu eða í virka vinnslu takmörkunarskyld efni sem eru flutt inn frá ríki sem er ekki aðili að bókuninni.

9. gr.

Innflutningur á vörum, sem innihalda takmörkunarskyld efni, frá ríki sem er ekki aðili að bókuninni

1. Banna skal að setja í frjálssa dreifingu í bandalaginu takmörkunarskyld efni eða búnað, sem inniheldur takmörkunarskyld efni, frá ríki sem er ekki aðili að bókuninni.

2. Til leiðbeiningar fyrir tolyfjörvöld aðildarríkjana er að finna í V. viðauka skrá yfir vörur, sem innihalda takmörkunarskyld efni, og yfir SAT-númer. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., að bæta við eða fella brott atriði eða breyta skránni með hliðsjón af þeim skráum sem aðilarnir setja saman.

10. gr.

Innflutningur á vörum, sem eru framleiddar með takmörkunarskyldum efnum, frá ríki sem er ekki aðili að bókuninni

Með hliðsjón af ákvörðun aðilanna skal ráðið, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja reglur um frjálssa dreifingu á vörum, sem voru framleiddar með takmörkunarskyldum efnum, en innihalda ekki efni sem hægt er að sanngreina með óyggjandi hætti að séu takmörkunarskyld efni, frá ríki sem er ekki aðili að bókuninni. Við sanngreiningu slíkra efna skal farið eftir tæknilegum ráðum sem aðilarnir fá með jöfnu millibili. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

11. gr.

Útflutningur á takmörkunarskyldum efnum eða vörum sem innihalda takmörkunarskyld efni

1. Banna skal útflutning frá bandalaginu á klórflúrkolefnum, öðrum fullhalögenudum klórflúrkolefnum, halonum, koltetraklóriði, 1,1,1-triklóretani og vetnisbrómflúrkolefnum eða vörum eða búnaði, öðrum en persónulegum munum, sem

innihalda þessi efni eða sem eru ónothæf ef þessara efna nýtur ekki við. Bannið skal ekki gilda um útflutning á:

- a) takmörkunarskyldum efnum sem eru framleidd skv. 6. mgr. 3. gr. til að fullnægja innlendum grunnþörfum aðila skv. 5. grein bókunarinnar;
- b) takmörkunarskyldum efnum sem eru framleidd skv. 7. mgr. 3. gr. til þess að fullnægja þörf aðilanna að því er varðar bráða- og neyðarnotkun;
- c) vörum og búnaði sem inniheldur takmörkunarskyld efni sem eru framleidd skv. 5. mgr. 3. gr. eða flutt inn skv. b-lið 7. gr.;
- d) vörum og búnaði sem inniheldur halon til þess að fullnægja þörf vegna bráðanotkunar sem er tilgreind í VII. viðauka;
- e) takmörkunarskyldum efnum sem eru ætluð til nota sem hráefni eða hjálparefni.

2. Banna skal útflutning frá bandalaginu á metýlbrómíði til ríkja sem ekki eru aðilar að bókuninni.

3. Frá 1. janúar 2004 skal banna útflutning frá bandalaginu á vetnisklórflúrkolefnum til ríkja sem ekki eru aðilar að bókuninni. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., taka afstöðu til framangreindrar dagsetningar í ljósi alþjóðlegrar þróunar innan ramma bókunarinnar og breyta henni ef við á.

12. gr.

Útflutningsleyfi

1. Útflutningur frá bandalaginu á takmörkunarskyldum efnum skal háður leyfi. Eftir að hafa sannprófað hvort það samræmist 11. gr. skal framkvæmdastjórnin veita slíkt útflutningsleyfi til fyrirtækja fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2001 og fyrir hvert 12 mánaða tímabil eftir það. Framkvæmdastjórnin skal senda afrit af hverju útflutningsleyfi til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis.

2. Í umsókn um útflutningsleyfi skal koma fram:

- a) nafn og heimilisfang útflytjandans og einnig framleiðandans ef ekki er um sama aðila að ræða;
- b) lýsing á takmörkunarskylda efninu (efnunum) sem fyrirhugað er að flytja út, þ.m.t.:
 - verslunarheiti,
 - lýsing og SAT-númer eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka,
 - eðli efnisins (nýtt, endurheimt eða endurnýtt);
- c) heildarmagn hvers efnis sem fyrirhugað er að flytja út;
- d) það land (lönd) sem er endanlegur ákvörðunarstaður takmörkunarskylda efnisins (efnanna);
- e) tilgangur útflutningsins.

3. Hver útflytjandi skal tilkynna framkvæmdastjórninni allar breytingar sem kunna að verða meðan leyfið er í gildi með tilliti til þeirra upplýsinga sem eru gefnar upp skv. 2. mgr. Hver útflytjandi skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu í samræmi við 19. gr.

*13. gr.***Sérstök leyfi til að eiga viðskipti við ríki sem er ekki aðili að bókuninni**

Þrátt fyrir 8., 9. (1. mgr.), 10. og 11. gr. (2. og 3. mgr.) getur framkvæmdastjórnin leyft viðskipti með takmörkunarskyld efni og vörur, sem innihalda eða eru framleiddar með einu eða fleiri þessara efna, við ríki sem er ekki aðili að bókuninni, að því tilskildu að ríkið, sem ekki er aðili að bókuninni, teljist á fundi aðilanna fara í einu og öllu að bókuninni og hafi lagt fram upplýsingar þar að lútandi eins og tilgreint er í 7. gr. bókunarinnar. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar.

*14. gr.***Viðskipti við svæði sem falla ekki undir bókunina**

1. Með fyrirvara um ákvörðun sem er tekin skv. 2. mgr. gilda ákvæði 8., 9. og 11. gr. (2. og 3. mgr.) um yfirráðasvæði, sem falla ekki undir bókunina, á sama hátt og þau gilda um ríki sem eru ekki aðilar að bókuninni.

2. Fari yfirvöld á yfirráðasvæði, sem fellur ekki undir bókunina, í einu og öllu að bókuninni og hafi þau lagt fram upplýsingar þar að lútandi eins og um getur í 7. gr. bókunarinnar getur framkvæmdastjórnin ákveðið að sum eða öll ákvæði 8., 9. og 11. gr. gildi ekki að því er umrætt yfirráðasvæði varðar.

Framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 18. gr.

*15. gr.***Tilkynning til aðildarríkjanna**

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum þegar í stað ráðstafanir sem hún samþykkir í samræmi við 6., 7., 9., 12., 13. og 14. gr.

IV. KAFLI

EFTIRLIT MEÐ LOSUN*16. gr.***Endurheimt notaðra, takmörkunarskyldra efna**

1. Takmörkunarskyld efni sem finnast í:
 - kæli-, loftræsti- og varmadælubúnaði, að undanskildum kælikápum og frystum til heimilisnota,
 - búnaði sem inniheldur leysa,
 - brunavarnarkerfum og slökkvitækjum,

skulu endurheimt og þeim eytt með tækni, sem aðilarnir samþykkja, eða með annarri tækni, sem tryggir vistvæna eyðingu, eða til endurvinnslu eða endurnýtingu í tengslum

við þjónustu eða viðhald búnaðarins eða áður en hann er tekinn í sundur eða honum fargað.

2. Eftir 31. desember 2001 skulu takmörkunarskyld efni, sem finnast í kælikápum og frystum til heimilisnota, endurheimt og fara skal með þau eins og kveðið er á um í 1. mgr.

3. Takmörkunarskyld efni, sem finnast í vörum, stöðvum og búnaði, öðrum en þeim sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr., skulu endurheimt og fara skal með þau eins og kveðið er á um í 1. mgr.

4. Takmörkunarskyld efni skulu ekki markaðssett í einnota umbúðum nema til bráðanotkunar.

5. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að stuðla að endurheimt, endurvinnslu, endurnýtingu og eyðingu takmörkunarskyldra efna og skulu fela notendum, tæknimönnum er starfa við kælitækni eða öðrum viðkomandi aðilum ábyrgð á því að tryggja að farið sé eftir ákvæðum 1. mgr. Aðildarríkin skulu skilgreina þær lágmarkskröfur sem eru gerðar til viðkomandi starfsfólks. Eigi síðar en 31. desember 2001 skulu aðildarríkin gefa skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um áætlanir varðandi framangreindar hæfniskröfur. Framkvæmdastjórnin skal meta þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til. Í ljósi þessa mats og tæknilegra og annarra viðeigandi upplýsinga skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, gera tillögu um að gerðar séu ráðstafanir varðandi þessar lágmarkskröfur sem lúta að hæfni.

6. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. desember 2001, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þau kerfi sem hefur verið komið á fót til að stuðla að endurheimt notaðra, takmörkunarskyldra efna, þ.m.t. aðstöðuna sem er fyrir hendi og það magn notaðra, takmörkunarskyldra efna sem er endurheimt, endurnýtt, endurnýtt eða eytt.

7. Grein þessi gildir með fyrirvara um tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ⁽¹⁾ eða um ráðstafanir sem eru samþykktar skv. 2. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar.

*17. gr.***Losun takmörkunarskyldra efna**

1. Gera skal allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr losun takmörkunarskyldra efna. Fylgjast skal sérstaklega með búnaði, sem inniheldur meira en 3 kg af kælivökva og athuga árlega hvort losun hafi orðið. Aðildarríkin skulu skilgreina þær lágmarkskröfur sem eru gerðar til viðkomandi starfsfólks. Eigi síðar en 31. desember 2001 skulu aðildarríkin gefa skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um áætlanir varðandi framangreindar hæfniskröfur. Framkvæmdastjórnin skal meta þær ráðstafanir sem aðildarríkin grípa til. Í ljósi þessa mats og tæknilegra og annarra viðeigandi upplýsinga skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, gera tillögu um að gerðar séu ráðstafanir varðandi þessar lágmarkskröfur sem lúta að hæfni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtið. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

Framkvæmdastjórnin skal stuðla að gerð evrópskra staðla um eftirlit með losun og um endurheimt efna, sem losna úr loftræsti- og kælibúnaði til atvinnurekstrar og iðnaðar, úr brunavarnarkerfum og úr búnaði, sem inniheldur leysa, og einnig, eftir því sem við á, um tæknilegar kröfur varðandi það hversu vel kælikerfunum helst á efnunum.

2. Gera skal allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr losun metýlbrómíðs úr sóttþreinsunarbúnaði og við starfsemi þar sem metýlbrómíð er notað. Þegar metýlbrómíð er notað við jarðvegssvælingu er lögboðið að nota nánast ógagndræpa filmu í nægilega langan tíma eða aðra tækni sem tryggir a.m.k. sömu umhverfisvernd. Aðildarríkin skulu skilgreina þær lágmarkskröfur sem eru gerðar til viðkomandi starfsfólks.

3. Gera skal allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr losun takmörkunarskyldra efna sem eru notuð sem hráefni og sem hjálparefni.

4. Gera skal allar raunhæfar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr losun takmörkunarskyldra efna sem verða til óvænt við framleiðslu annarra efna.

5. Framkvæmdastjórnin skal útbúa, eftir því sem við á, minnisblöð sem lýsa bestu tækni, sem völ er á, og bestu viðteknu starfsvenjum í umhverfismálum til að koma í veg fyrir losun takmörkunarskyldra efna eða draga úr henni.

V. KAFLI

NEFND, SKÝRSLUGJÖF, SKOÐUN OG VIÐURLÖG

18. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

19. gr.

Skýrslugjöf

1. Fyrir 31. mars ár hvert skal hver framleiðandi, innflytjandi og útflytjandi takmörkunarskyldra efna senda framkvæmdastjórninni upplýsingar og afrit af þeim til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis, eins og tilgreint er hér á eftir, um hvert takmörkunarskyldt efni varðandi

tímabilið frá 1. janúar til 31. desember ársins á undan.

Ákveða skal snið skýrslunnar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

a) Hver framleiðandi skal senda upplýsingar um:

- heildarframleiðslu hvers takmörkunarskylds efnis,
- framleiðslu, sem er markaðssett eða notuð til eigin þarfa innan bandalagsins, þar sem tilgreind er sérstaklega notkun sem hráefni, hjálparefni eða notkun til svælingar á vörusendingum eða meðhöndlunar á farmi fyrir flutning eða önnur notkun,
- framleiðslu til að fullnægja bráðanotkun innan bandalagsins sem er leyfð skv. 4. mgr. 3. gr.,
- framleiðslu, sem er leyfð skv. 6. mgr. 3. gr., til að fullnægja innlendum grunnþörfum aðila skv. 5. grein bókonarinnar,
- framleiðslu, sem er leyfð skv. 7. mgr. 3. gr., til þess að fullnægja bráða- og neyðarnotkun aðilanna,
- framleiðsluaukningu sem er leyfð skv. 8., 9. og 10. mgr. 3. gr. í tengslum við iðnaðarhagræðingu,
- magn sem er endurunnið, endurnýtt eða eytt,
- birgðir.

b) Innflytjendur, þ.m.t. framleiðendur sem eru einnig innflytjendur, skulu senda upplýsingar um:

- magn, sem er sett í frjálsa dreifingu innan bandalagsins, þar sem tilgreindur er sérstaklega innflutningur til notkunar sem hráefni og hjálparefni, til bráða- og neyðarnotkunar sem er leyfð í samræmi við 4. mgr. 3. gr., til notkunar við svælingu á vörusendingum og meðhöndlun á farmi fyrir flutning og til eyðingar,
- magn takmörkunarskyldra efna sem koma inn í bandalagið samkvæmt aðferðinni um virka vinnslu,
- magn notaðra, takmörkunarskyldra efna sem eru flutt inn til endurvinnslu eða endurnýtingar,
- birgðir.

c) Útflytjendur, þ.m.t. framleiðendur sem eru einnig útflytjendur, skulu senda upplýsingar um:

- magn takmörkunarskyldra efna, sem eru flutt út úr bandalaginu, þ.m.t. efni sem eru flutt út aftur samkvæmt aðferðinni um virka vinnslu, þar sem tilgreint er sérstaklega það magn sem er flutt út til hvers ákvörðunarlands, flutt út til notkunar sem hjálparefni, til bráðanotkunar, neyðarnotkunar og notkunar til svælingar á vörusendingum og til meðhöndlunar á farmi fyrir flutning til að fullnægja innlendum grunnþörfum aðila skv. 5. gr. bókonarinnar og til eyðingar,
- magn notaðra, takmörkunarskyldra efna sem eru flutt út til endurvinnslu eða endurnýtingar,
- birgðir.

2. Fyrir 31. desember ár hvert skulu tollyfirvöld aðildarríkjanna senda framkvæmdastjórninni stimpluðu leyfisskjölin sem hafa verið notuð.

3. Fyrir 31. mars ár hvert skal notandi, sem hefur fengið leyfi til þess að notfæra sér undanþágu til bráðanotkunar skv. 1. mgr. 3. gr., fyrir hvert efni sem hann hefur fengið leyfi fyrir, senda framkvæmdastjórninni upplýsingar og afrit til lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis, um eðli notkunarinnar, það magn, sem notað var árið á undan, birgðamagn, magn, sem hefur verið endurunnið eða eytt, og magn vara, sem innihalda þessi efni, sem hefur verið markaðssett innan bandalagsins og/eða flutt út.

4. Fyrir 31. mars ár hvert skal fyrirtæki, sem hefur fengið leyfi til að nota takmörkunarskyld efni sem hjálparefni, gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um það magn, sem var notað á árinu á undan, og mat á þeirri losun sem varð við þá notkun.

5. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að trúnaður ríki um þær upplýsingar sem henni eru sendar.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr., að breyta skilyrðunum um skýrslugjöfina, sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr., til að verða við skuldbindingum bókonarinnar eða til að bæta framkvæmd þessara krafna varðandi skýrslugjöf.

20. gr.

Skoðun

1. Til að inna af hendi þau verk sem henni ber samkvæmt þessari reglugerð er framkvæmdastjórninni heimilt að afla allra nauðsynlegra upplýsinga hjá ríkistjórnnum og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna og hjá fyrirtækjunum.

2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir beiðni um upplýsingar til fyrirtækis ber henni samtímis að senda afrit af beiðninni til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins, þar sem fyrirtækið hefur aðsetur, ásamt greinargerð um hvers vegna farið er fram á þessar upplýsingar.

3. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu framkvæma þær rannsóknir sem framkvæmdastjórnin telur þörf á samkvæmt þessari reglugerð. Aðildarríkin skulu gera slembiathuganir á innflutningi á takmörkunarskyldum efnum og senda framkvæmdastjórninni tímaáætlanir og niðurstöður slíkra athuganna.

4. Ef framkvæmdastjórnin og lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem rannsóknirnar eiga að fara fram, eru því samþykkt ber embættismönnum framkvæmdastjórnarinnar að aðstoða embættismenn yfirvaldsins við að sinna skyldustörfum sínum.

5. Framkvæmdastjórnin skal grípa til viðeigandi aðgerða til að stuðla að fullnægjandi miðlun upplýsinga og samvinnu milli innlendra yfirvalda, svo og milli innlendra yfirvalda og

framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að trúnaður ríki um þær upplýsingar sem hún fær samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög sem gilda um brot á þessari reglugerð. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði varðandi viðurlög í síðasta lagi 31. desember 2000 og skulu einnig tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á slík ákvæði.

VI. KAFLI

NÝ EFNI

22. gr.

Ný efni

1. Framleiðsla, frjáls dreifing í bandalaginu og virk vinnsla, markaðssetning og notkun á nýjum efnum í II. viðauka er bönnuð. Þetta bann gildir ekki um ný efni ef þau eru notuð sem hráefni.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja til að II. viðauki taki einnig til efna, sem eru ekki takmörkunarskyld efni en umræðuhópurinn um vísindamat telur að hafi verulegan ósoneyðingarmátt, og til mögulegra undanþágra frá 1. mgr.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

23. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 3093/94 er felld úr gildi frá og með 1. október 2000.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. október 2000.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MARQUES DA COSTA

forseti.

I. VIÐAUKI

Takmörkunarskyld efni sem þessi reglugerð nær til

Flokkur	Efni	Ósoneyðingarmáttur (¹)
I. flokkur	CFCl ₃ (CFC-11)	1,0
	CF ₂ Cl ₂ (CFC-12)	1,0
	C ₂ F ₃ Cl ₃ (CFC-113)	0,8
	C ₂ F ₄ Cl ₂ (CFC-114)	1,0
	C ₂ F ₅ Cl (CFC-115)	0,6
II. flokkur	CF ₃ Cl (CFC-13)	1,0
	C ₂ FCl ₅ (CFC-111)	1,0
	C ₂ F ₂ Cl ₄ (CFC-112)	1,0
	C ₃ FCl ₇ (CFC-211)	1,0
	C ₃ F ₂ Cl ₆ (CFC-212)	1,0
	C ₃ F ₃ Cl ₅ (CFC-213)	1,0
	C ₃ F ₄ Cl ₄ (CFC-214)	1,0
	C ₃ F ₅ Cl ₃ (CFC-215)	1,0
	C ₃ F ₆ Cl ₂ (CFC-216)	1,0
	C ₃ F ₇ Cl (CFC-217)	1,0
III. flokkur	CF ₂ BrCl (halon-1211)	3,0
	CF ₃ Br (halon-1301)	10,0
	C ₂ F ₄ Br ₂ (halon-2402)	6,0
IV. flokkur	CCl ₄ (koltetraklórið)	1,1
V. flokkur	C ₂ H ₃ Cl ₃ (²) (1,1,1-triklóretan)	0,1
VI. flokkur	CH ₃ Br (metýlbrómið)	0,6
VII. flokkur	CHFBr ₂	1,00
	CHF ₂ Br	0,74
	CH ₂ FBr	0,73
	C ₂ HFBr ₄	0,8
	C ₂ HF ₂ Br ₃	1,8
	C ₂ HF ₃ Br ₂	1,6
	C ₂ HF ₄ Br	1,2
	C ₂ H ₂ FBr ₃	1,1
	C ₂ H ₂ F ₂ Br ₂	1,5
	C ₂ H ₂ F ₃ Br	1,6
	C ₂ H ₃ FBr ₂	1,7
	C ₂ H ₃ F ₂ Br	1,1
	C ₂ H ₄ FBr	0,1
	C ₃ HFBr ₆	1,5
	C ₃ HF ₂ Br ₅	1,9
	C ₃ HF ₃ Br ₄	1,8
	C ₃ HF ₄ Br ₃	2,2

Flokkur	Efni	Ósoneyðingarmáttur (¹)
	C ₃ HF ₅ Br ₂	2,0
	C ₃ HF ₆ Br	3,3
	C ₃ H ₂ FBr ₅	1,9
	C ₃ H ₂ F ₂ Br ₄	2,1
	C ₃ H ₂ F ₃ Br ₃	5,6
	C ₃ H ₂ F ₄ Br ₂	7,5
	C ₃ H ₂ F ₅ Br	1,4
	C ₃ H ₃ FBr ₄	1,9
	C ₃ H ₃ F ₂ Br ₃	3,1
	C ₃ H ₃ F ₃ Br ₂	2,5
	C ₃ H ₃ F ₄ Br	4,4
	C ₃ H ₄ FBr ₃	0,3
	C ₃ H ₄ F ₂ Br ₂	1,0
	C ₃ H ₄ F ₃ Br	0,8
	C ₃ H ₅ FBr ₂	0,4
	C ₃ H ₅ F ₂ Br	0,8
	C ₃ H ₆ FBr	0,7
VIII. flokkur	CHFCl ₂ (HCFC-21) (³)	0,040
	CHF ₂ Cl (HCFC-22) (³)	0,055
	CH ₂ FCl (HCFC-31)	0,020
	C ₂ HFCl ₄ (HCFC-121)	0,040
	C ₂ HF ₂ Cl ₃ (HCFC-122)	0,080
	C ₂ HF ₃ Cl ₂ (HCFC-123) (³)	0,020
	C ₂ HF ₄ Cl (HCFC-124) (³)	0,022
	C ₂ H ₂ FCl ₃ (HCFC-131)	0,050
	C ₂ H ₂ F ₂ Cl ₂ (HCFC-132)	0,050
	C ₂ H ₂ F ₃ Cl (HCFC-133)	0,060
	C ₂ H ₃ FCl ₂ (HCFC-141)	0,070
	CH ₃ CFCl ₂ (HCFC-141b) (³)	0,110
	C ₂ H ₃ F ₂ Cl (HCFC-142)	0,070
	CH ₃ CF ₂ Cl (HCFC-142b) (³)	0,065
	C ₂ H ₄ FCl (HCFC-151)	0,005
	C ₃ HFCl ₆ (HCFC-221)	0,070
	C ₃ HF ₂ Cl ₅ (HCFC-222)	0,090
	C ₃ HF ₃ Cl ₄ (HCFC-223)	0,080
	C ₃ HF ₄ Cl ₃ (HCFC-224)	0,090
	C ₃ HF ₅ Cl ₂ (HCFC-225)	0,070
	CF ₃ CF ₂ CHCl ₂ (HCFC-225ca) (³)	0,025
	CF ₂ ClCF ₂ CHClF (HCFC-225cb) (³)	0,033
	C ₃ HF ₆ Cl (HCFC-226)	0,100
	C ₃ H ₂ FCl ₅ (HCFC-231)	0,090
	C ₃ H ₂ F ₂ Cl ₄ (HCFC-232)	0,100
	C ₃ H ₂ F ₃ Cl ₃ (HCFC-233)	0,230
	C ₃ H ₂ F ₄ Cl ₂ (HCFC-234)	0,280
	C ₃ H ₂ F ₅ Cl (HCFC-235)	0,520

Flokkur	Efni	Ósoneyðingarmáttur ⁽¹⁾
	C ₃ H ₃ FCI ₄ (HCFC-241)	0,090
	C ₃ H ₃ F ₂ Cl ₃ (HCFC-242)	0,130
	C ₃ H ₃ F ₃ Cl ₂ (HCFC-243)	0,120
	C ₃ H ₃ F ₄ Cl (HCFC-244)	0,140
	C ₃ H ₄ FCI ₃ (HCFC-251)	0,010
	C ₃ H ₄ F ₂ Cl ₂ (HCFC-252)	0,040
	C ₃ H ₄ F ₃ Cl (HCFC-253)	0,030
	C ₃ H ₅ FCI ₂ (HCFC-261)	0,020
	C ₃ H ₅ F ₂ Cl (HCFC-262)	0,020
	C ₃ H ₆ FCI (HCFC-271)	0,030

⁽¹⁾ Ósoneyðingarmátturinn er mat sem byggist á þeirri þekkingu sem liggur fyrir og mun verða endurskoðað öðru hverju í ljósi þeirra ákvarðana sem aðilarnir taka.

⁽²⁾ Þessi formúla vísar ekki til 1,1,2- tryklóretans.

⁽³⁾ Tilgreinir það efni sem endist best í viðskiptalegu tilliti eins og lýst er í bókuninni.

II. VIÐAUKI

Ný efni

Brómklórmetan

III. VIÐAUKI

Heildartakmarkanir á magni fyrir framleiðendur og innflytjendur til að markaðssetja og nota til eigin þarfa takmörkunarskyld efni innan bandalagsins

(reiknað magn, gefið upp í tonnum ósoneyðingarmáttar (magn í tonnum margfaldað með ósoneyðingarmætti))

Efni	I. flokkur	II. flokkur	III. flokkur	IV. flokkur	V. flokkur	VI. flokkur ⁽¹⁾	VI. flokkur ⁽¹⁾	VII. flokkur	VIII. flokkur
Fyrir 12 mánaða tímabil frá 1. janúar til 31. desember						Til annarra nota en til svælingar á vörusendingum og meðhöndlunar á farmi fyrir flutning	Til svælingar á vörusendingum og meðhöndlunar á farmi fyrir flutning		
1999	0	0	0	0	0	8 665		0	8 079
2000						8 665			8 079
2001						4 621	607		6 678
2002						4 621	607		5 676
2003						2 888	607		3 005
2004						2 888	607		2 003
2005						0	607		2 003
2006							607		2 003
2007							607		2 003
2008							607		1 669
2009							607		1 669
2010							607		0
2011							607		0
2012							607		0
2013							607		0
2014							607		0
2015							607		0

⁽¹⁾ Reiknað út frá ósoneyðingarmætti = 0,6.

IV. VIÐAUKI

Flokkar, SAT-númer (SAT-99)⁽¹⁾ og lýsingar á efnunum sem um getur í I. og III. viðauka

Flokkur	SAT-99-númer	Lýsing
I. flokkur	2903 41 00	--Triklórflúrmetan
	2903 42 00	--Díklórdíflúrmetan
	2903 43 00	--Triklórtríflúretan
	2903 44 10	---Díklórtetraflúretan
	2903 44 90	---Klórþentaflúretan
II. flokkur	2903 45 10	---Klórtríflúrmetan
	2903 45 15	---Pentaklórflúretan
	2903 45 20	---Tetraklórdíflúretan
	2903 45 25	---Heptaklórflúrprópan
	2903 45 30	---Hexaklórdíflúrprópan
	2903 45 35	---Pentaklórtríflúrprópan
	2903 45 40	---Tetraklórtetraflúrprópan
	2903 45 45	---Triklórþentaflúrprópan
	2903 45 50	---Díklórhexaflúrprópan
	2903 45 55	---Klórheptaflúrprópan
III. flokkur	2903 46 10	---Brómklórdíflúrmetan
	2903 46 20	---Brómtríflúrmetan
	2903 46 90	---Díbrómtetraflúretan
IV. flokkur	2903 14 00	-- Koltetraklóríð
V. flokkur	2903 19 10	---1,1,1-tríklóretan (metýlklóróform)
VI. flokkur	2903 30 33	--- Brómnetan (metýlbrómíð)
VII. flokkur	2903 49 30	----Vetnisbrómflúrmetan, -etan eða -própan
VIII. flokkur	2903 49 10	----Vetnisklórflúrmetan, -etan eða -própan
	úr 3824 71 00	--Blöndur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem falla undir SAT-númer 2903 41 00 til 2903 45 55.
	úr 3824 79 00	--Blöndur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem falla undir SAT-númer 2903 46 10 til 2903 46 90.
	úr 3824 90 95	---- Blöndur sem innihalda eitt eða fleiri efni sem falla undir SAT-númer 2903 14 00, 2903 19 10, 2903 30 33, 2903 49 10 eða 2903 49 30.

(¹) Liðurinn „úr“ fyrir framan SAT-númerið gefur til kynna að aðrar vörur en þær sem eru tilgreindar í dálknum „lýsing“ geti fallið undir hlutaðeigandi númer.

V. VIÐAUKI

Númer sameinuðu tollnafnaskrárinnar (SAT) fyrir vörur sem innihalda takmörkunarskyld efni (*)

1. *Bifreiðar og vörubifreiðar sem eru búnar loftræstieiningum*

SAT-númer

8701 20 10 - 8701 90 90

8702 10 11 - 8702 90 90

8703 10 11 - 8703 90 90

8704 10 11 - 8704 90 00

8705 10 00 - 8705 90 90

8706 00 11 - 8706 00 99

2. *Kæli- og loftræsti-/varmadælubúnaður til heimilisnota og til nota í atvinnuskyni*

Kæliskápar:

SAT-númer

8418 10 10 - 8418 29 00

8418 50 11 - 8418 50 99

8418 61 10 - 8418 69 99

Frystar:

SAT-númer

8418 10 10 - 8418 29 00

8418 30 10 - 8418 30 99

8418 40 10 - 8418 40 99

8418 50 11 - 8418 50 99

8418 61 10 - 8418 61 90

8418 69 10 - 8418 69 99

Rakaeyðingartæki:

SAT-númer

8415 10 00 - 8415 83 90

8479 60 00

8479 89 10

8479 89 98

Búnaður til að kæla vatn og þétta lofitegundir:

SAT-númer

8419 60 00

8419 89 98

Ísvélar:

SAT-númer

8418 10 10 - 8418 29 00

8418 30 10 - 8418 30 99

8418 40 10 - 8418 40 99

8418 50 11 - 8418 50 99

8418 61 10 - 8418 61 90

8418 69 10 - 8418 69 99

(*) Þessi tollnúmer eru til leiðbeiningar fyrir tollyfirvöld aðildarríkjanna.

Loftræsti- og varmadælubúnaður:

SAT-númer

8415 10 00 - 8415 83 90

8418 61 10 - 8418 61 90

8418 69 10 - 8418 69 99

8418 99 10 - 8418 99 90

3. *Vörur, aðrar en úðalyf, sem innihalda úðaefti*

Matvæli:

SAT-númer

0404 90 21 - 0404 90 89

1517 90 10 - 1517 90 99

2106 90 92

2106 90 98

Málning og lökk, tilbúnir vatnsleysanlegir fastlitir og leysilitir:

SAT-númer

3208 10 10 – 3208 10 90

3208 20 10 - 3208 20 90

3208 90 11 - 3208 90 99

3209 10 00 - 3209 90 00

3210 00 10 - 3210 00 90

3212 90 90

Ilmvörur, snyrti- eða hreinlætisvörur:

SAT-númer

3303 00 10 - 3303 00 90

3304 30 00

3304 99 00

3305 10 00 - 3305 90 90

3306 10 00 - 3306 90 00

3307 10 00 - 3307 30 00

3307 49 00

3307 90 00

Yfirborðsvirkar efnablöndur:

SAT-númer

3402 20 10 - 3402 20 90

Smurefni:

SAT-númer

2710 00 81

2710 00 97

3403 11 00

3403 19 10 - 3403 19 99

3403 91 00

3403 99 10 - 3403 99 90

Efnablöndur til heimilisnota:

SAT-númer

3405 10 00

3405 20 00

3405 30 00

3405 40 00

3405 90 10 - 3405 90 90

Vörur úr eldfimum efnunum:

SAT-númer

3606 10 00

Skordýra-, nagdýra-, sveppa-, illgresiseyðir o.s.frv.:

SAT-númer

3808 10 10 - 3808 10 90

3808 20 10 - 3808 20 80

3808 30 11 - 3808 30 90

3808 40 10 - 3808 40 90

3808 90 10 - 3808 90 90

Áferðar- eða íburðarefni o.s.frv.:

SAT-númer

3809 10 10 - 3809 10 90

3809 91 00 - 3809 93 00

Blöndur og hleðslur fyrir slökkvitæki; hlaðin slökkvihylki:

SAT-númer

3813 00 00

Samsettir, lífrænir leysar:

SAT-númer

3814 00 10 - 3814 00 90

Tilbúinn afsingarvökvi:

SAT-númer

3820 00 00

Afurðir efnaiðnaðar og skylds iðnaðar:

SAT-númer

3824 90 10

3824 90 35

3824 90 40

3824 90 45 - 3824 90 95

Silíkon í frumgerðum:

SAT-númer

3910 00 00

Vopn:

SAT-númer

9304 00 00

4. *Handslökkvitæki*

SAT-númer

8424 10 10 - 8424 10 99

5. *Einangrunarplötur, klæðning og hlífðarrör*

SAT-númer

3917 21 10 - 3917 40 90

3920 10 23 - 3920 99 90

3921 11 00 - 3921 90 90

3925 10 00 - 3925 90 80

3926 90 10 - 3926 90 99

6. *Forfjöllidur*

SAT-númer

3901 10 10 - 3911 90 99

—

*VI. VIÐAUKI***Vinnsla þar sem takmörkunarskyld efni eru notuð sem hjálparefni**

- notkun koltetrakloríðs við brotnám á köfnunarefnistriklóríði við framleiðslu á klór og vítissóða,
- notkun koltetrakloríðs við endurheimt á klóri í afgangsgasi frá klórframleiðslu,
- notkun koltetrakloríðs við framleiðslu á klóruðu gúmmí,
- notkun koltetrakloríðs við framleiðslu á ísóbútýlasetófenoni (verkjalyfinu íbúprófeni),
- notkun koltetrakloríðs við framleiðslu á pólýfenýlentereftalamáði,
- notkun CFC-11 við framleiðslu á gervipynnum úr pólýólefíntrefjum,
- notkun á CFC-113 við framleiðslu á vínorelbíni (lyfjavara),
- notkun á CFC-12 við ljósefnamyndun perflúrpólýetrapólýperoxíðforefna Z-perflúrpólýetra og tvívirkra afleiða,
- notkun á CFC-113 við afoxun á milliefni perflúrpólýetrapólýperoxíðs til framleiðslu á díestrum perflúrpólýetra,
- notkun á CFC-113 í efnablöndu perflúrpólýetradíóla með mikla virkni,
- notkun koltetrakloríðs við framleiðslu á tralómetríni (skordýraeyði).

Einnig notkun á vetnisklórflúrkolefnum við framangreinda vinnslu þegar þau eru notuð í stað klórflúrkolefna eða koltetrakloríðs.

*VII. VIÐAUKI***Neyðarnotkun halona**

Notkun á haloni 1301:

- í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými,
- til að verja mannað rými og vélarrými í herökutækjum og herskipum,
- til varna gegn sprengingu á mönnum svæðum hjá hernum, við olíu- og gasvinnslu og við vinnslu efna úr jarðolíu eða jarðgasi, og í flutningaskipum í notkun, þar sem er hætt á að eldfimur vökvi og/eða lofttegundir leki út,
- til varna gegn sprengingu í mönnum fjarskipta- og stjórnarstöðvum herafans eða annarra, sem eru í notkun og skipta sköpum fyrir þjóðaröryggi,
- til varna gegn sprengingu á svæðum sem hætt er á að geislavirk efni dreifist um,
- í Ermarsundsgöngunum og tengdum mannvirkjum og jámbrautarvögnum.

Notkun á haloni 1211:

- í handslökkvitækjum og föstum slökkvibúnaði fyrir vélar til nota um borð í loftförum,
 - í loftförum til að verja áhafnarklefa, hreyfilshús, lestarrými og þurrými,
 - í slökkvitækjum, sem skipta sköpum varðandi öryggi manna, sem slökkvilið notar við frumslökkvistarf,
 - í slökkvitækjum hersins og lögreglunnar sem eru notuð á fólk.
-